

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Advanced Marine Services Limited Neðansjávar - suðaustur af Íslandi sjá hnit í stafræni

Dags eftirlits	15.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Advanced Marine Services Limited	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala		Flokkur	Framkvæmdir
Fulltrúi fyrirtækis	Bragi Dór Hafþórsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirlit var með framkvæmd Advanced Marine Services Ltd. við leit að verðmætum í flaki skipsins Minden, í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi, sbr. starfsleyfi dags. 11. október 2017 og undanþágu Umhverfis og auðlindaráðuneytisins dags. 21. júní 2018.

Eftirlitið fólst í móttöku gagna, samskipti við rekstraraðila á framkvæmdartíma og svörun fyrirspurna frá almenningi og fjölmiðlum vegna framkvæmdanna.

Engin frávik komu fram við framkvæmdina og engar athugasemdir gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit með starfsleyfi Advanced Marine Services Ltd. fólst í móttöku og svörun fyrirspurna frá almenningi og fjölmiðlum, móttöku skýrslu um framkvæmdina og samskipti við framkvæmdaraðila.

Rekstraraðili tilkynnti þann 19. nóvember 2017 um upphaf framkvæmdar en þurfti svo frá að hverfa vegna slæmra veðurskilyrða. Aftur var tilkynnt að farið hafi verið á svæðið nóttina 21. nóvember og að aftur hafi þurft að hverfa frá framkvæmd vegna veðurs.

Þann 30. apríl 2018 var óskað eftir framlengingu starfsleyfis sem var hafnað þar sem að Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til framlengingu starfsleyfis. Í kjölfarið var sótt um undanþágu til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins og var hún veitt þann 21. júní 2018. Undanþágan fólst í framlengingu á gildistíma starfsleyfisins til 1. október 2018.

Rekstraraðili tilkynnti að farið var á svæðið þann 21. júní til að undirbúa framkvæmdir. Rekstraraðili óskaði eftir lengri fresti til framkvæmdanna sbr. grein 1.5 í starfsleyfinu í ljósi erfiðra veðurskilyrða. Umhverfisstofnun samþykkti að veita tveggja vikna frest til að ljúka framkvæmdinni.

Þar sem að framkvæmdir fóru fram á sjó fjarri landi var samstarf milli Landhelgisgæslunnar og Umhverfisstofnunar um framkvæmd eftirlitsins. Landhelgisgæslan fékk tilkynningar um ferðir skipsins og staðfesti að upplýsingar frá rekstraraðila væru í samræmi við þeirra skráningar.

Skýrsla um framkvæmdina var send Umhverfisstofnun þann 23. október 2018. Í skýrslunni kom fram að ekkert hafi verið tekið úr skipinu og engin mengun, kvartanir eða óhöpp hafi komið upp við framkvæmdina.

Nokkuð var um fyrirspurnir fjölmiðla vegna framkvæmdanna en engar ábendingar eða kvartanir bárust stofnuninni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.02.2019

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir